

N1 hf.

Ársreikningur 2009

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar og forstjóra.....	2
Áritun óháðs endurskoðanda.....	3
Rekstrarreikningur.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Yfirlit um breytingar á eigin fé.....	6
Sjóðstreymi.....	7
Reikningsskilaaðferðir.....	8-16
Skýringar og sundurliðanir.....	17-24

N1 hf.
Kennitala 540206-2010
Dalvegur 10-14, 201 Kópavogur

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur félagsins er verzlun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, ásamt lánstarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár.

Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins námu rekstrartekjur kr. 40.037,5 millj. á árinu 2009 samanborið við kr. 43.765,5 millj. á árinu 2008 og hagnað ársins nam kr. 277,4 millj. samanborið við kr. 1.110,9 millj. tap árið á undan. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í lok árs 2009 kr. 25.292,2 millj. samanborið við kr. 25.298,1 millj. árið á undan. Eigið fé í árslok 2009 nam kr. 6.638,0 millj. samanborið við kr. 6.360,6 millj. árið áður.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður og vísar að öðru leyti til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar.

Eignaraðild

Í upphafi og lok árs voru tveir hluthafar. BNT hf. á 99,99% af hlutafé félagsins.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Félagið hefur sett sér markmið og stefnu gagnvart áhættustýringu. Nánar er vísað til skýringar nr. 3.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 og gefa þeir að mati stjórnar glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins vegna ársins 2009.

Samkvæmt mati stjórnar felst í ársreikningi og skýrslu stjórnar glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess á árinu 2009 ásamt því að gerð er grein fyrir helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

Stjórn N1 hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2009 með áritun sinni.

Kópavogur, 23. mars 2010.

Einar Sveinsson

Benedikt Jóhannesson

Gunnlaugur M. Sigmundsson

Halldór Jóhannsson

Jón Benediktsson

Hermann Guðmundsson
forstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa N1 hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning N1 hf. fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, efnahag þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga.

Kópavogur, 23. mars 2010.

PricewaterhouseCoopers hf.

Gunnar Þór Ásgeirsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2009

	Skýringar	2009	2008
Sala.....		39.884.272.751	43.573.674.686
Kostnaðarverð seldra vara.....		<u>(30.468.206.307)</u>	<u>(34.340.459.198)</u>
Framlegð af vörusölu		9.416.066.444	9.233.215.488
Aðrar rekstrartekjur.....		153.242.074	191.796.298
Sölu- og dreifingarkostnaður.....		<u>(4.534.241.397)</u>	<u>(4.416.854.014)</u>
Annar rekstrarkostnaður.....		<u>(1.579.463.808)</u>	<u>(1.599.775.313)</u>
		(5.960.463.131)	(5.824.833.029)
Hagnaður fyrir afskriftir og leigugjöld.....		3.455.603.313	3.408.382.459
Leigugjöld.....		(1.000.880.463)	(948.071.160)
Afskriftir fastafjármuna.....	9, 10	<u>(479.844.118)</u>	<u>(368.046.263)</u>
		(1.480.724.581)	(1.316.117.423)
Rekstrarhagnaður		1.974.878.732	2.092.265.036
Hreinar fjármunatekjur (-fjármagnsgjöld).....	7	(1.320.765.669)	(2.902.229.866)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna.....	7	<u>(279.051.231)</u>	<u>(464.316.101)</u>
		(1.599.816.900)	(3.366.545.967)
Hagnaður (tap) fyrir skatta		375.061.832	(1.274.280.931)
Tekjuskattur.....	17	(97.655.824)	163.314.128
Hagnaður (tap) og heildarafkoma ársins		<u>277.406.008</u>	<u>(1.110.966.803)</u>
Hagnaður (tap) á hlut (í krónum).....	8	0,05	(0,19)

Skýringar á bls. 8 - 24 eru óaðskiljanlegur hluti þessara reikningsskila.

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Eignir	Skýringar	31.12.2009	31.12.2008
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir.....	9	5.107.544.206	4.973.730.147
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	10	3.932.512.596	3.747.290.355
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum.....	11	2.843.323.126	3.339.486.180
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	11	78.837.920	198.116.958
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur.....	13	<u>28.476.982</u>	<u>17.320.755</u>
		11.990.694.830	12.275.944.395
Veltufjármunir			
Birgðir.....	12	5.019.552.658	4.598.554.894
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur.....	13	4.082.718.502	4.349.951.458
Kröfur á tengda aðila.....		2.400.521.876	754.651.457
Handbært fé.....		<u>1.798.698.533</u>	<u>3.318.996.058</u>
		13.301.491.569	13.022.153.867
Eignir samtals		<u>25.292.186.399</u>	<u>25.298.098.262</u>
Eigið fé			
Hlutafé.....		6.000.000.000	6.000.000.000
Annað eigið fé.....		<u>638.036.619</u>	<u>360.630.611</u>
		6.638.036.619	6.360.630.611
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Vikjandi lán.....	15	367.977.478	322.655.362
Lántökur.....	15	6.978.840.145	8.395.484.170
Tekjuskattsskuldbinding.....	16	113.572.227	15.916.403
Aðrar skuldbindingar.....		<u>35.809.512</u>	<u>38.356.110</u>
		7.496.199.362	8.772.412.045
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.....	18	10.686.790.252	10.006.126.323
Skuldir við tengda aðila.....		33.382.392	120.381.364
Næsta árs afborgun langtímaskulda.....	15	<u>437.777.774</u>	<u>38.547.919</u>
		11.157.950.418	10.165.055.606
Skuldir samtals		18.654.149.780	18.937.467.651
Eigið fé og skuldir samtals		<u>25.292.186.399</u>	<u>25.298.098.262</u>
Aðrar upplýsingar	19 - 21		

Skýringar á bls. 8 - 24 eru óaðskiljanlegur hluti þessara reikningsskila.

Yfirlit um breytingar á eigin fé

	Hlutafé	Endurmat / Varasjóður	Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap)	Samtals
Jöfnuður 1. janúar 2008	6.000.000.000		(645.003.685)	5.354.996.315
Hld. í endurmati hlutdeildarfélags.....		616.601.099		616.601.099
Lækkun hlutafjár til jöfnunar taps.....	(1.500.000.000)		1.500.000.000	
Hækkun hlutafjár.....	1.500.000.000			1.500.000.000
Tap ársins.....			(1.110.966.803)	(1.110.966.803)
Jöfnuður 31. desember 2008 / 1. janúar 2009	6.000.000.000	616.601.099	(255.970.488)	6.360.630.611
Hagnaður ársins.....			277.406.008	277.406.008
Framlag í varasjóð.....		2.143.552	(2.143.552)	
Jöfnuður 31. desember 2009	6.000.000.000	618.744.651	19.291.968	6.638.036.619

Vísað er í skýringu 8 vegna nánari lýsingu á eigin fé.

Skýringar á bls. 8 - 24 eru óaðskiljanlegur hluti þessara reikningskila.

Sjóðstreymi ársins 2009

	Skýringar	2009	2008
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins.....		277.406.008	(1.110.966.803)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir.....	10	479.844.118	368.046.263
Aðrir liðir.....		1.036.086.771	1.945.401.226
Hreint veltufé frá rekstri		<u>1.793.336.897</u>	<u>1.202.480.686</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Birgðir.....	12	(420.997.764)	122.052.862
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur.....		149.056.235	(768.035.235)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.....		680.663.928	2.197.624.931
Handbært fé frá rekstri		<u>2.202.059.296</u>	<u>2.754.123.244</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir.....	10	(535.336.029)	(806.923.908)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir.....	10	29.655.000	20.044.819
Keypt hlutabréf.....		(4.000.000)	(5.101.038)
Seld hlutabréf.....		4.254.399	0
Mótttekinn arður.....		24.487.919	0
		<u>(480.938.711)</u>	<u>(791.980.127)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýjar langtímaskuldir.....		0	322.655.362
Afborganir langtímaskulda.....	15	(1.508.548.719)	0
Krafa/skuld við tengda aðila, breyting.....		(1.732.869.391)	(1.429.816.251)
		<u>(3.241.418.110)</u>	<u>(1.107.160.889)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(1.520.297.525)	854.982.228
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>3.318.996.058</u>	<u>2.464.013.830</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>1.798.698.533</u></u>	<u><u>3.318.996.058</u></u>
Vextir innheimtir á árinu	7	527.537.532	623.869.387
Vextir greiddir á árinu	7	(1.213.639.581)	(1.881.754.896)
Arður innheimtur á árinu		24.487.919	0
Tekjuskattur greiddur á árinu		0	0

Skýringar á bls. 8 - 24 eru óaðskiljanlegur hluti þessara reikningskila.

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi N1 hf. er verslun með olíuvörur hverskonar, hjólbarða, varahluti í bifreiðar og aðrar neytendavörur.

N1 hf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang félagsins er skráð að Dalvegi 10-14 í Kópavogi.

Félagið er með skráð skuldabréf í NasdaqOMX (Kauphöll Íslands).

Stjórn félagsins samþykkti þessi ársreikningsskil til birtingar þann 23. mars 2010.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur N1 hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð, að því undanskildu að afleiðusamningar og skammtímaverðbréf eru færð á gangvirði. Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

Gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notað sé tiltekið reikningshaldslegt mat. Einnig er gerð sú krafa til stjórnenda að þeir beiti dómgreind sinni við að framkvæma reikningsskilaaðferðir félagsins. Sérstaklega er greint frá mikilvægum matsaðferðum í skýringu nr. 4.

2.1.1 Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu

Reikningsskilastaðlar, lagfæringar og túlkanir sem tóku gildi 1. janúar 2009 og hafa áhrif á ársreikninginn.

Staðall / túlkun	Innihald	Gildistökuþími
IFRS 7	Fjármálagerningar - Framsetning, endurbætur	1. janúar 2009
IFRS 8	Starfsþættir	1. janúar 2009
IAS 1	Framsetning reikningsskila, endurbætur	1. janúar 2009
IAS 23	Lántökukostnaður, endurbætur	1. janúar 2009
IFRIC 16	Áhættuvarnir vegna fjárfestinga í erlendri starfsemi	1. janúar 2009
	Endurbætur á ýmsum IFRS stöðlum	Máí 2008 og apríl 2009

IFRS 7 'Fjármálagerningar – Framsetning' (endurbætur) (tók gildi 1. janúar 2009). Endurbæturnar gera viðbótarkröfur til framsetningar á mati á gangvirði og á lausafjárahættu. Þessar breytingar krefjast þess að fjármálagerningar séu flokkaðir eftir þeim þremur aðalflokkum aðferða sem notaðar eru við mat á gangvirði. Þessi endurbót krefst aðeins viðbótar skýringa en breytir ekki afkomu félagsins.

IFRS 8, 'Starfsþættir' (tók gildi 1. janúar 2009). Þetta er nýr staðall sem kemur í stað IAS 14, 'Starfsþættir', þar sem krafan var að ákvarða aðal- og aukastarfsþætti. Samkvæmt nýja staðlinum er ytri starfsþættir félagsins ákvarðaðir út frá því hvernig skýrslugjöf innanhúss er til yfirstjórnar, sem er þá þeir stjórnendur sem taka aðalákvæðanir félagsins, svo sem ákvarðanir um nýtingu aðfanga og meta frammistöðum starfsþáttanna. Beiting IFRS 8 hefur ekki meiriháttar áhrif á reikningsskil félagsins en hefur áhrif á skýringar með starfsþáttum og á flokkun og mat einstakra starfsþátta. Skýringum með starfsþáttum hefur verið breytt til samræmis við nýja staðal.

IAS 1 (endurbætur) 'Framsetning reikningsskila' (tók gildi 1. janúar 2009). Í endurskoðun á staðlinum voru breytingar á eigin fé sem tengjast eigendum aðskildar frá breytingum sem tengjast heildarafkomu í yfirliti yfir breytingar á eigin fé. Að auki er kynnt nýtt yfirlit, yfirlit yfir heildarafkomu, sem sett er fram annað hvort sem eitt yfirlit eða tvö tengd yfirlit. Í því koma fram allir liðir sem hafa áhrif á heildarafkomu fyrirtækisins. Félagið hefur valið að nota tvö yfirlit yfir heildarafkomu.

Skýringar

IAS 23 (endurbætur) 'Lántökukostnaður' (tók gildi 1. janúar 2009). Þessar endurbætur loka fyrir þann valmöguleika að gjaldfæra strax allan lántökukostnað vegna eigna sem þurfa umtalsverðan tíma í byggingu. Þessar endurbætur á IAS 23 hafa ekki veruleg áhrif á afkomu eða fjárhagsstöðu félagsins.

IFRIC 16, 'Áhættuvarnir vegna fjárfestinga í erlendri starfsemi' (tók gildi 1. janúar 2009). Þessi túlkun skýrir reikningshaldslega meðhöndlun áhættuvarna vegna fjárfestinga í erlendri starfsemi. Þar á meðal þá staðreynd að áhættuvarnir vegna fjárfestinga í erlendri starfsemi snýr að mismunum í starfrækslugjalmiðlinum en ekki í framsetningargjaldmiðlinum, og að áhættuvarnartækið má staðsetja hvar sem er í félaginu. Þessi túlkun hefur ekki veruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

Endurbætur á ýmsum IFRS stöðlum sem voru útgefnar í maí 2008 og apríl 2009. Þetta voru endurbætur Alþjóða reikningsskilaráðið taldi nauðsynlegar en ekki aðkallandi. Þessar endurbætur valda breytingum á framsetningu, skráningu eða mati í reikningsskilum, og breytingum á skilgreiningum eða ritstýringu á ýmsum stöðlum. Flestar endurbótanna taka gildi á tímabilum frá 1. janúar 2009 eða 1. janúar 2010, með innleiðingu fyrir þann tíma heimilaðan. Þessar endurbætur hafa ekki veruleg áhrif á reikningsskilaaðferðir.

(b) Staðlar, endurbætur og túlkanir sem tóku gildi 2009, en eru ekki viðeigandi í starfsemi félagsins.

Eftirfarandi staðlar, endurbætur og túlkanir tóku gildi 2009, en eru ekki viðeigandi í starfsemi félagsins:

Staðall/ túlkun	Innihald	Gildistökuári
IAS 32 og IAS 1	Fjármálagerningar með endurkaupaskyldu og skuldbindingar sem verða til vegna gjaldþrota.	1. janúar 2009
IFRIC 13	Tryggðakerfi	1. janúar 2009

IAS 32 and IAS 1 (endurbætur), 'Fjármálagerningar með endurkaupaskyldu og skuldbindingar sem verða til vegna gjaldþrota' (tók gildi 1. janúar 2009). Þessa endurbætur gera það að skyldu að flokka sem eigin fé vissa fjármálagerninga sem uppfylla þá skilgreiningu að vera skuld. Fjármálagerningar með endurkaupaskyldu sem mynda afgangshlutdeild í nettó eign félags eru nú flokkaðir sem eigin fé ef viss skilyrði eru uppfyllt. Líkar þessum kröfum eru frávik frá skilgreiningunni á skuld fyrir gerninga sem veitir handhafa hlutdeild í nettó eign fyrirtækis aðeins við upplausn þess. Innleiðing endurbótanna á IAS 32 hefur engin áhrif hjá félaginu.

IFRIC 13, 'Tryggðakerfi' (tók gildi 1. janúar 2009). IFRIC 13 skýrir að þegar vörur eða þjónusta er seld með tryggðakerfi (t.d. tryggðapunkta eða ókeypis vörum), þá er slíkt margþætt fyrirkomulag (clarifies that where goods or services are sold together with a customer loyalty incentive, for example, loyalty points or free products, the arrangement is a multiple element arrangement). Tekjum er þá skipt á milli þátta í fyrirkomulaginu miðað við gangvirði. IFRIC 13 er ekki viðeigandi í rekstri félagsins þar sem tryggðakerfi eru ekki notuð.

(c) Útgefnir staðlar og túlkanir sem ekki hafa tekið gildi.

Eftirfarandi staðlar og túlkanir á gildandi stöðlum hafa verið gefnir út og verða skylda á reikningsskilatímabilum félagsins sem byrja 1. janúar 2010 eða eftir það, en félagið hefur ekki innleitt þá fyrir þann tíma:

Staðall/ túlkun	Innihald	Gildistökuári
IFRS 3	Sameining félaga.	1. júlí 2009
IAS 39	Fjármálgerningar: skráning og mat - hæfur áhættuvarinn gerningur - endurbætur.	1. júlí 2009
IFRIC 18	Yfirfærsla eigna frá viðskiptamönnum.	1. júlí 2009
IFRS 9	Financial instruments part 1: Classification and measurement.	1. janúar 2013

Skýringar

IFRS 3, 'Sameining félaga' (tók gildi 1. júlí 2009). Þessi endurnýjaði staðall gerir ráð fyrir kaupaðferðinni við sameiningu félaga, ásamt nokkrum mikilvægum breytingum. Sem dæmi þá verða allar greiðslur vegna kaupa á rekstri að vera skráðar á gangvirði að kaupdegi, og óvissar greiðslur verða flokkaðar sem skuld sem síðan verður endurmetin með breytingu í rekstrarreikningi. Það er val, við hver kaup, að meta áhrif minnihluta í keyptum rekstri annað hvort á gangvirði eða miðað við hlutfall af nettó eignum rekstrarins. Allur kostnaður við kaupin verður gjaldfærður strax. Félagið mun nota IFRS 3 við allar sameiningar félaga frá 1. janúar 2010.

IAS 39 (endurbætur), 'Fjármálagerningar: Skráning og mat - Hæfur áhættuvarinn gerningur' (tók gildi 1. júlí 2009). Þessar endurbætur skýra tvenns konar aðstæður. Við ákvörðun á áhættu á einni hlið ályktar IAS 39 að keyptur valréttur sem er skilgreindur í heild sinni sem áhættuvarnartæki fyrir áhættu á einni hlið geti ekki verið algjörlega virkur. Skilgreining á verðbólgu eða hluta af verðbólgu sem áhættu í áhættuvarnarsambandi er ekki leyfð nema í sérstökum aðstæðum. Þetta mun ekki breyta reikningsskilum félagsins.

IFRIC 18, 'Yfirfærsla eigna frá viðskiptamönnum' (tók gildi 1. júlí 2009). IFRIC 18 skýrir hvernig eigi að meðhöndla fastafjármuna sem fyrirtæki tekur við frá viðskiptavini. Túlkunin á einnig við samkomulag þar sem fyrirtæki tekur við peningum frá viðskiptavini þar sem nota verður fjárhæðina eingöngu til að byggja eða kaupa fastafjármuni, og fyrirtækið verður að nota fastafjármuninn til að veita viðskiptavininum áframhaldandi aðgang að framboði af vörur og/eða þjónustu. IFRIC 18 hefur ekki áhrif á reikningskil félagsins.

IFRS 9, 'Fjármálagerningar 1. hluti: Flokkun og mat' (Tekur gildi 1. janúar 2013). IFRS 9 gefinn út í nóvember 2009 og kemur í stað þeirra hluta af IAS 39 sem varða flokkun og mat fjáreigna. Meginatriði staðalsins eru eftirfarandi: Fjáreignir á að flokka í tvo matsflokka; þær sem við síðara mat færast á gangvirði og þær sem við síðara mat færast á afskrifuðu kostnaðarverði. Ákvörðunin er tekin við upphaflega skráningu. Flokkunin fer eftir því viðskiptamódeli sem fyrirtæki notar við stýringu fjármálagerningum sínum og einkennum í samningsbundnu sjóðsflæði gemingsins. Gerninga á aðeins að meta á afskrifuðu kostnaðarverði við síðara mat ef hann er skuldageringur og það sé markmið samkvæmt viðskiptamódeli fyrirtækisins að eiga eignina til að innheimta samningsbundið sjóðsflæði, og að samningsbundið sjóðsflæði eignarinnar sé eingöngu afborganir höfuðstóls og vaxta. Alla aðra skuldagerninga á að meta á gangvirði með breytingum færðum í rekstrarreikning. Hlutabréf á við síðara mat að meta á gangvirði. Hlutabréf ætluð til sölu á að meta á gangvirði með breytingum færðum í rekstrarreikning. Fyrir fjárfestingar í öllum öðrum hlutabréfum þarf að taka óafturkallanlega ákvörðun við upphaflega skráningu um það hvort færa eigi gangvirðisbreytingar í gengum heildarafkomu eða rekstrarreikning. Það verður engin endurfærsla gangvirðis yfir í rekstrarreikning. Þetta val er framkvæmt fyrir fyrir hvern gerning. Arð á að færa í rekstrarreikning ef hann er ávöxtun af fjárfestingunni. IFRS 9 gildir frá 1. janúar 2013, en innleiðing fyrir þann gildistöku tíma er heimil. Félagið mun innleiða staðalinn frá 1. janúar 2013.

(d) Innleiðing staðla fyrir gildistöku tíma þeirra.

Félagið innleiddi enga staðla fyrir gildistöku tíma þeirra á árinu 2009.

2.2 Starfsþáttaskýrslur

Rekstrarstarfsþáttur er aðgreinanlegur hluti félagsins sem fæst við að útvega tiltekna vöru eða þjónustu sem er háð ólíkum þáttum varðandi áhættu og afkomu en þá sem tengist öðrum rekstrarstarfsþáttum félagsins. Félagið skilgreinir starfsemina ekki eftir landssvæðum og birtir þar af leiðandi ekki slík yfirlit.

2.3 Óefnislegar eignir

Viðskiptavild

Viðskiptavild er tilkomin vegna kaupa og samruna ýmissa félaga undir nafni N1 hf. og er mismunur á kaupverði og hlutdeild í eigin fé þeirra á kaupdegi. Mismunur á kaupverði og hlutdeild í eigin fé hlutdeildarféлага á kaupdegi er innifalinn í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélagum.

Viðskiptavild er ekki afskrifuð. Á hverjum reikningsskiladegi metur félagið hvort einhverjar vísbendingar séu um virðisrymnun. Ef slíkar vísbendingar eru til staðar er framkvæmt virðisrymnunarpróf um það hvort matsverð sé lægra en bókfært verð. Ef matsverð er lægra en bókfært verð þá er viðskiptavild færður niður í matsverð.

Skýringar

Vörumerki

Kostnaður við öflun vörumerkja er eignfærður og afskrifaður með beinlínufskrift á áætluðum nýtingartíma en að hámarki 20 árum.

Hugbúnaður

Hugbúnaðarleyfi sem hafa verið keypt eru eignfærð miðað við þann kostnað sem stofnað var til við að kaupa og koma í notkun þessum tiltekna hugbúnaði. Hugbúnaður er færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum. Hugbúnaður er afskrifaður á 10 árum.

2.4 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru tilgreindir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á viðkomandi eignum.

Viðbótarfjárfesting sem fellur til síðar er innifalin í bókfærðu verði eignarinnar eða færð sem sérgreind eign, eftir því sem við á. Það gerist þó einungis þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur, sem tengist fjárfestingunni, muni í framtíðinni renna til félagsins og að unnt sé að meta kostnaðarverð með öruggum hætti. Allar aðrar viðgerðir og viðhald eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi á því tímabili þegar stofnað er til þeirra.

Hækkanir á bókfærðum fjárhæðum sem verða vegna endur mats á landi og byggingum eru færðar til hækkunar á endur matsreikning meðal eigin fjár. Lækkanir sem jafnar út fyrri hækkanir sömu eignar eru færðar til lækkunar á sama endur matsreikning meðal eigin fjár; allar aðrar lækkanir eru gjaldfærðar í rekstrarreikning. Á hverju ári er mismunur milli afskrifta sem byggðar eru á endurmetinni bókfærðri fjárhæð eignarinnar gjaldfærðar í rekstrarreikning og afskriftir sem byggðar eru á upphaflegu kostnaðarverði eignarinnar færðar af varasjóði á gangvirðissjóð meðal eigin fjár.

Land er ekki afskrifað. Afskriftir annarra eigna eru reiknaðar þannig að mismunur á kostnaðarverði þeirra og áætluðu hrakvirði sé dreift línulega á áætlaðan nýtingartíma eignanna, sem er eftirfarandi:

Fasteignir	33 ár
Skilti og geymar	10-20 ár
Vélar og tæki	10-15 ár
Innréttingar	6-7 ár
Áhöld og bifreiðar	3-8 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en matsverð þeirra, eru eignirnar færðar niður í matsverð.

Bókfært verð eignar er ávallt fært niður í endurheimtanlega fjárhæð ef bókfært verð er hærra en áætluð endurheimtanleg fjárhæð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söluþegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna varanlega rekstrarfjármuni eru eignfærð á þeim tíma sem það tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

2.5 Fjárfestingar

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaganna eftir kaup færð í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélagum. Hlutdeildarfélag eru félag þar sem félagið á að jafnaði milli 20 - 50% eignarhlut, eða hefur veruleg áhrif án þess að hafa bein yfirráð yfir þeim. Önnur hlutdeildarfélag er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Önnur hlutdeildarfélag er eytt hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð. Innifalið í bókfærðu verði eignarhlutanna er viðskiptavild. Hætt er að taka tillit til hlutdeildar í tapi hlutdeildarfélags þegar bókfært verð er núll nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað hlutdeildarfélaginu.

Skýringar

Félagið flokkar fjárfestingar sínar í eftirfarandi flokka: fjáreignir á gangvirði fært í rekstrarreikning og fjárfestingar sem haldið er til gjalddaga. Flokkunin fer eftir því í hvaða tilgangi fjárfestinganna var aflað. Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og endurmeta þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

(a) Fjáreignir á gangvirði fært í rekstrarreikning.

Fjáreign er flokkuð í þennan flokk ef hún er fyrst og fremst keypt í þeim tilgangi að selja hana innan skamms tíma eða ef stjórnendur flokka hana þannig.

(b) Fjárfestingar sem haldið er til gjalddaga.

Fjárfestingar sem haldið er til gjalddaga eru fjáreignir sem ekki eru afleiður með föstum greiðslum eða greiðslum sem unnt er að ákvarða og föstum binditíma sem stjórnendur félagsins ráðgera og hafa getu til að halda út binditímann.

Kaup og sala fjárfestinga er færð á viðskiptadegi eru færð á viðskiptadegi sem er sá dagur sem félagið skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárfestingar eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði. Viðskiptakostnaður vegna fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í rekstrarreikning er þó gjaldfærður. Fjárfestingar eru færðar út þegar réttindi til að taka á móti sjóðstreymi vegna fjárfestinga eru ekki lengur í gildi eða félagið hefur yfirfært því sem næst alla áhættu og umbun vegna eignarhalds. Fjáreignir á gangvirði í rekstrarreikningi eru síðar bókfærðar á gangvirði. Fjárfestingum sem haldið er til gjalddaga eru bókfærðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs. Gangvirði fjárfestinga er byggt á tilboðsverðum eða sjóðstreymislíkönum. Gangvirði óskráðra hlutabréfa er áætlað út frá verði/hagnaði eða verði/sjóðstreymiskennitölum sem endurspeglar umhverfi útgefandans. Það sem ekki er hægt að mæla verðmæti óskráðra hlutabréfa með ábyggilegum hætti, eru þau bókfærð á kostnaðarverði að frádreginni virðisrymun. Gangvirðisbreytingar sem myndast vegna breytinga á gangvirði eru innifaldar í rekstrarreikning á því tímabili sem þær myndast.

Gangvirði skráðra fjárfestinga er byggt á gildandi tilboðsverði. Ef markaðurinn fyrir fjáreign er ekki virkur (og fyrir óskráð verðbréf) ákvarðar félagið gangvirði með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu eða viðurkenndum matslíkönum.

2.6 Leigusamningar

Leiga á varanlegum rekstrarfjármunum þar sem félagið nýtur næstum alls ávinnings og ber næstum alla áhættu á leigumun er flokkuð sem kaupleiga. Kaupleiga er færð til eignar við upphaf leigutíma á verði sem er lægra af matsverði leigumunar og núvirði lágmarksleigugreiðslna. Hverri leigugreiðslu er skipt milli leiguskuldar og vaxtagjalda. Jafnframt þessu hefur verið færð skuld við leigusala, að frádregnum vöxtum, meðal annarra langtímaskulda. Vaxtahluti leigugreiðslunnar er gjaldfærður í rekstrarreikningi á leigutíma til þess að sýna stöðugt vaxtahlutfall af eftirstöðvum leiguskuldar í lok hvers tímabils. Varanlegir rekstrarfjármunir sem keyptir eru á kaupleigu eru afskrifaðir á nýtingartíma eða leigusamningstíma, hvort sem skemmra reynist.

Leiga á varanlegum rekstrarfjármunum þar sem leigusali nýtur næstum alls ávinnings og ber næstum alla áhættu á leigumun er flokkuð sem rekstrarleiga. Leigugreiðslur eru færðar til gjalda í rekstrarreikningi á leigutíma.

Þegar eignir eru teknar á rekstrarleigu eru greiðslur sem inntar eru af hendi gjaldfærðar í rekstrarreikning línulega á leigutímanum.

2.7 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast samkvæmt fyrst inn, fyrst út aðferð (FIFO). Dagverð er áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að ljúka við sölu varanna. Innifalið í kostnaðarverðmæti birgða er millifærsla á gengisbreytingum vegna innkaupa á birgðum.

2.8 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Kröfur eru færðar niður þegar líkindi eru á því að félagið muni ekki geta innheimt andvirði krafanna. Fjárhæð niðurfærslunnar er mismunur á bókfærðu verði og matsverði sem er núvirt væntanlegt sjóðstreymi, afvaxtað með vöxtum sambærilegra lána.

2.9 Handbært fé

